

**Nd.**

**22. Frumvarp til laga**

[22. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

**I. KAFLI**

**Lánasjóður íslenzkra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.**

**1. gr.**

Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Lán skulu að jafnaði því aðeins veitt til náms erlendis, að eigi sé unnt að leggja stund á það á Íslandi.

**2. gr.**

Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar.

**3. gr.**

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins, þannig: Einn samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra stúdenta erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, en tvo án tilnefningar, og skal annar þeirra valinn með hliðsjón af kunnugleika á námi og högum þeirra námsmanna, sem eigi eru stúdentar, en hinn vera formaður stjórnarinnar.

Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn, nema fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands, sem skipaður er til eins árs.

Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins, ræður atkvæði formanns.

#### 4. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að veita námsmönnum námslán af fé því, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma.
2. Að annast úthlutun námsstyrkja samkvæmt III. kafla laga þessara.
3. Að annast lántökur og hafa með höndum fjármál sjóðsins.
4. Að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð.

Úthlutun lána og styrkja fer fram samkvæmt reglum, sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar.

Útborgun lána, bókhald, innheimtu vaxta og afborgana og aðra daglega afgreiðslu, er stjórn sjóðsins heimilt að fela bankastofnun.

Stjórn sjóðsins ræður sjóðnum starfslið, eftir því sem nauðsyn krefur, að fengnu samþykki ráðherra.

Árlegur rekstrarkostnaður greiðist af fé sjóðsins.

## II. KAFLI

### Um námslán.

#### 5. gr.

Lántakandi úr lánasjóði íslenzkra námsmanna skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en endurgreiða lánin með jöfnum árgreiðslum (annuitet) á allt að fimm títum árum með 5% ársvöxtum, og skulu endurgreiðslur hefjast fimm árum eftir að námi lýkur, en vextir reiknast frá námslokum. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef námsmaður hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán árlega, meðan hann er við nám, en þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla, sem námið er stundað í. Ár miðast við háskólaár á hverjum stað.

Fyrir lánnum þessum skulu lántakar gefa út skuldabréf og setja tryggingu samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

#### 6. gr.

Umsækjendur um námslán skulu láta fylgja umsóknnum upplýsingar um allt það, er stjórn sjóðsins telur, að máli skipti, þar á meðal um tekjur sínar og efnahag. Við ákvörðun um upphæð námsláns til hvers einstaks námsmanns er stjórn sjóðsins heimilt að hafa hliðsjón af efnahag hans og námsaðstöðu að öðru leyti, lengd árlegs námstíma og áætluðum eðlilegum námstíma, framfærslukostnaði í því landi, sem nám er stundað í, og fleiru, sem til greina kann að koma í því sambandi.

#### 7. gr.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og nám stunda við Háskóla Íslands, njóta réttinda til opinberrar aðstoðar við námsmenn samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenzkir námsmenn.

## III. KAFLI

### Um námsstyrki.

#### 8. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til námsstyrkja, annarra en 5 ára styrkja og styrkja skv. 9. gr., skal varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka þeirra, er fara utan til náms í þeim greinum, sem eigi verður lögð stund á héraðs, svo sem vegna fargjalda og skólagjalda,

9. gr.

Veitt skal árlega fé í fjárlögum til styrkja handa þeim, er leggja stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi, enda sé þar um að ræða lokapróf, er krefst að öðru jöfnu 5 ára náms hið skemmsta.

Þeim, sem lokið hafa öðrum háskólaprófum og leggja síðan stund á framhaldsnám, en hljóta eigi styrk skv. 1. málsg., má veita lán úr lánasjóði íslenskra námsmanna, þar til þeir hafa stundað nám, er samsvarar 5 ára háskólanámi. Haldi þeir þá enn áfram framhaldsnámi, teljast þeir fullnægja skilyrðum skv. 1. málsg.

IV. KAFLI

Um ráðstöfunarfé lánasjóðs íslenskra námsmanna og ríkisframlag.

10. gr.

Árlegt ráðstöfunarfé lánasjóðs íslenskra námsmanna er:

1. Vextir og afborganir af námslánum samkvæmt lögum þessum og af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé samkvæmt 12. grein.

11. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega leggja fyrir menntamálaráðuneytið tillögu um upphæð ríkisframlags í fjárlögum til námslána og námsstyrkja með sama hætti og ríkisstofnanir.

12. gr.

Nú nægir það ríkisframlag eigi, sem ákveðið hefur verið, til þess að mæta fjárförf sjóðsins á því fjárhagsári, og er þá stjórn sjóðsins heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, að taka innanlands lán í bönkum eða öðrum lánastofnunum með tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins til þess að endurlána námsmönnum. Lánasjóður íslenskra námsmanna stendur straum af afborgunum og vaxtagreiðslum af lánum þessum.

Eigi má sjóðsstjórnin lána meira fé úr sjóðnum en svo, að sjóðurinn geti staðið straum af vöxtum og afborgunum af lánum þeim, sem tekin verða samkvæmt lögum þessum, svo og af þeim lánum, sem þegar hafa verið tekin til starfsemi hans.

13. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og samtímis falla úr gildi lög nr. 52 29. marz 1961, um lánasjóð íslenskra námsmanna, og lög nr. 35 27. júní 1925, um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla, svo og orðin: „námsstyrkjum þeim og námslánum, sem og“ og „öðrum“ í g-lið 7. gr. 1. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er samið af nefnd, er menntamálaráðuneytið skipaði 5. júní 1964 til þess m. a. að endurskoða lög um lánasjóð íslenskra námsmanna og skilaði álit 1. september 1966. Hefur sú breyting ein verið gerð á frumvarpi nefndarinnar, að niður er fellt ákvæði um, að ríkis-

sjóður greiði vexti af lánum, sem stjórn lánasjóðsins kann að taka í bönkum eða öðrum lánastofnunum til starfsemi sjóðsins. Hefur lokaákvæði fyrri málsgr. 12. gr., sem í frv. nefndarinnar hljóðaði svo: „Lánasjóður íslenzkra námsmanna stendur straum af afborgunum af lánum þessum, en ríkissjóður greiðir af þeim vexti“, samkvæmt því verið breytt á þessa leið: „Lánasjóður íslenzkra námsmanna stendur straum af afborgunum og vaxtagreiðslum af lánum þessum“. Jafnframt hefur síðari málsgr. sömu greinar verið breytt til samræmis.

Frumvarpi nefndarinnar fylgdi svofelld greinargerð (ásamt fylgiskjölum): „Með bréfi dags. 5. júní 1964 skipaði menntamálaráðherra nefnd 7 manna til þess að:

1. Endurskoða lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna, nr. 52 29. marz 1961.
2. Framkvæma athugun á fjárhagsgrundvelli lánasjóðsins.
3. Gera tillögu um samræmingu nágildandi úthlutunarreglna.
4. Láta framkvæma könnun á raunverulegum námskostnaði stúdenta og annarra námsmanna, bæði heima og erlendis.

Í nefndina voru skipaðir: Árni Gunnarsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, Baldvin Tryggvason, framkvæmdastjóri, Gunnar Vagnsson, deildarstjóri, Hörður Einarsson, stud. jur., Jón Steffensen, prófessor, Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri, og Þórir Bergsson, cand. act. Nefndin kaus Gunnar Vagnsson formann á fyrsta fundi sínum.

Vegna veikinda Sigtryggs Klemenzsonar tók Höskuldur Jónsson, fulltrúi í fjármálaráðuneytinu, sæti hans í nefndinni síðla s. l. árs.

Nefndinni hafa borizt nokkur erindi: Menntamálaráðuneytið vísaði til hennar erindi frá rektor Háskóla Íslands varðandi stuðning ríkisvalds við þá, sem lokið hafa háskólaprófi en hyggja á framhaldsnám. Auk þess bárust nefndinni bréf frá Félagi íslenzkra tæknifræðinema í Kaupmannahöfn og frá Sambandi íslenzkra stúdenta erlendis.

Gildandi lög um lánasjóð ísl. námsmanna eru nr. 52 frá 29. marz 1961.

Frumvarp það til laga, sem hér fylgir, er í nokkrum veigamiklum atriðum frábrugðið gildandi lögum. Skal þessu nú nánar lýst:

a. Deildaskipting sú, sem í gildi er milli lánadeildar námsmanna erlendis og lánadeildar stúdenta við Háskóla Íslands, er felld niður.

Umrædd deildaskipting hefur aldrei verið virk að öðru leyti en því, að úthlutun námslána hefur verið í höndum tveggja aðila. Það hefur komið æ skýrar í ljós, að sú tvískipting úthlutunarinnar, sem lögín gera ráð fyrir, er óheppileg. Stjórn sjóðsins hefur að lögum engin bein áhrif á samningu þeirra reglna, sem settar eru annars vegar af menntamálaráði og hins vegar af stjórn lánadeildar stúdenta og fylgt er við úthlutun námslána. Er því undir hælinn lagt, að æskilegt samræmi ríki í fyrirgreiðslu þess opinbera gagnvart þeim tveimur hópum námsmanna, sem um er að ræða, annars vegar stúdentum við Háskóla Íslands og hins vegar íslenzkum námsmönnum erlendis. Núverandi skipulag beinlínis hvetur til þeirrar togstreitu milli hópanna, sem sérhverju því kerfi, sem sett er upp til þess að ráða til lykta lánamálum námsmanna, er fyrst og fremst ætlað að eyða. Þeim mun óheppilegra getur slíkt verið, þegar svo er ástatt, að ófullkomnar upplýsingar liggja fyrir um raunverulegan námskostnað eftir dvalarstað. Getur þá svo farið, að sá námsmannahópurinn verði aukinnar námsaðstoðar aðnjótandi, sem síður skyldi.

Annmarkar þessir á ríkjandi skipulagi valda og því, að það, sem vera á eitt af meginhlutverkum stjórnar sjóðsins: að skipta því fé, sem til úthlutunar er ár hvert, verður lítið annað en nafnið tómt. Í framkvæmdinni hefur þetta orðið þannig, að það eru „deildirnar“, sem með úthlutarreglum sínum í rauninni framkvæma skiptinguna hverju sinni, með eða án aðstoðar þeirra aðila, sem hafa síðasta orðið um, hver verður endanleg upphæð ríkisfram-

lagsins. Má og á það benda, að óhjákvæmileg lántaka sjóðsins hefur af þessum sökum stundum orðið meiri en stjórn sjóðsins taldi samrýmast möguleikum hans til þess að standa við skuldbindingar síðar meir, sem sjóðsstjórnin á þó að bera ábyrgð á, að hann geri. Þetta hvort tveggja: Sjálfkrafa skipting heildarfjárins og lokaákvörðun um heildarupphæð þess, vegna fyrirmæla aðila utan stjórnarinnar um framkvæmd lánveitinganna, og sem afleiðing af þessu óhjákvæmileg lántaka sjóðsins umfram það, sem hann raunverulega er fær til og auk þess umfram það, sem lánastofnanir hafa gefið fyrirheit um, hefur torvelað stjórn sjóðsins að gegna því hlutverki, sem henni er ætlað samkvæmt gildandi lögum.

Af þessum sökum er nefndin á einu máli um, að lögum sjóðsins beri að breyta í þá átt, að það verði framvegis stjórn sjóðsins, sem geri tillögur til ráðherra um úthlutunarreglur þær, sem fylgt er á hverjum tíma. Nauðsynlegur undanfari að setningu slíkra reglna er að sjálfsögðu alhliða könnun á námskostnaði íslenzkra námsmanna heima og erlendis. Á grundvelli slíkrar könnunar, þar sem hlutlaust mat hefur verið lagt á allar aðstæður af fulltrúum námsmannanna sjálfra, með yfirsýn yfir allan hópinn og undir yfirmumsjón stjórnar sjóðsins eða trúnaðarmanna hennar, myndi fyrirgreiðslan til hinna einstöku námsmanna síðan ákvarðast af samanlögðu ráðstöfunarfé sjóðsins, eins og það verður á hverjum tíma. Þetta myndi einnig hafa það í för með sér, að tillögur stjórnar sjóðsins um ríkisframlag myndu síður vera bornar fram á öðrum tímum en þeim, sem við á, og stjórnvöld losna við tilmæli úr ýmsum áttum um aukið ríkisframlag fram á síðustu stund.

En eftir að setning úthlutunarreglnanna væri komin í hendur sjóðsstjórnarinnar, væri þar með niður fallið tilefnið til þess, að úthlutunaraðildin væri á tveimur höndum og sjálfsagt að fela stjórninni það verkefni einnig. Enda er það svo, að tvískipting sú, sem nú á sér stað um úthlutunina, á sér einungis þá sögulegu skýringu, að lánasjóðirnir voru á sinum tíma tveir, og að annmarkarnir á því að viðhalda tvískiptingunni voru ekki séðir fyrir, þegar sjóðirnir tveir, lánasjóður stúdenta við Háskóla Íslands og lánasjóður íslenzkra námsmanna erlendis, voru sameinaðir.

b. Vextir af námslánnum hafa til þessa verið 3.5% p.a., lánin afborgalaus fyrstu þrjú árin eftir að námi lýkur eða því er hætt, en síðan greiðt með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Gert er ráð fyrir, að þessu verði breytt á þann veg, að vextir verði 5% p.a., en afborganir hefjist fyrst að liðnum 5 árum frá námslokum. Ætlazt er til, að árgreiðslur verði jafnar. Verða þær þá lægri fyrstu árin en ella myndi.

Verðyrnun peninga á síðustu árum hefur komið hart niður á lánasjóði ísl. námsmanna og skert til muna verðgildi höfuðstóls hans. Hér er einnig að finna eina meginorsök þess, hversu ríkisframlagið til sjóðsins hefur þurft að vaxa í krónum talið hin síðustu ár. Þykir að vel athuguðu máli eðlilegt að hafa þann hátt á varðandi lánskjörin, sem hér er gerð tillaga um.

c. Í gildandi lögum um lánasjóð íslenzkra námsmanna er eigi ráð fyrir því gert, að höfð sé hliðsjón af efnahag námsmanna við ákvörðun námslána. Það fyrirkomulag, sem tillaga er gerð um, að tekið verði upp í þessu efni, þ. e. að heimila að ákvörðun um lán til einstakra námsmanna verði byggð á mati á efnahag þeirra, hefur að visu, verði heimildinni beitt, nokkra vinnu í för með sér fyrir þá, sem námslánin ákveða, en ætti að tryggja réttlátari dreifingu heildarfjárins, sem lánað er, verði matið réttlátlega og skynsamlega framkvæmt.

d. Í gildandi lögum er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli leggja sjóðnum til framlag á fjárlögum, eigi lægra en kr. 4 650 000.00. Þetta lagaákvæði hefur ávallt verið bókstafurinn einn, nema á því ári, sem lögin tóku gildi. Ríkisframlagið hefur numið eftirfarandi upphæðum s. l. 6 ár:

Árið 1961 .....	kr. 4 650 000.00
— 1962 .....	— 5 533.000.00
— 1963 .....	— 6 670 310.00
— 1964 .....	— 7 616 325.00
— 1965 .....	— 8 758.373.00
— 1966 .....	— 10 940 000.00

Í framkvæmdinni hefur þetta orðið á þann veg, að stjórn lánasjóðsins hefur gert tillögu um fjárveitingu næsta árs, byggða á áætlaðri tölu námsmanna og miðað við gildandi eða væntanlegar úthlutunarreglur. Hin raunverulega fjárþörf, að frádregnu ríkisframlagi því, sem veitt var, svo og að frádregnum nettótekjum sjóðsins, hefur síðan ákvarðað þá fjárhæð, sem tekin hefur verið að láni í þönkum til þess að fullnægja lánsfjárþörfinni.

Í frumvarpinu er lagt til, að árlegt ríkisframlag verði ekki lögbundið. Þess í stað er í 2. gr. þess mörkuð sú stefna, að opinber aðstoð við námsmenn nægi þeim til þess að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu þeirra til fjáröflunar. Láta mun nærri, að hin opinbera aðstoð nú, samanlögð lán og styrkir, nemi að jafnaði um helmingi umframfjárþarfur þeirra, sem slíkrar aðstoðar hafa notið. Með umframfjárþörf er þá átt við árlegan námskostnað námsmanns að frádregnu aflafé hans. Verði á þær úthlutunarreglur fallizt, sem fylgja frumvarpi þessu, verður eigi að svo stöddu veruleg aukning á þessu hlutfalli, frá því sem er. Hins vegar myndu rýmkanir á reglunum, þ. e. hækkun á hundraðshluta láns af umframfjárþörf hvers námsmanns, svo og bein fjölgun námsmanna, valda hækkun á ríkisframlagi.

Sú stefnuyfirlýsing, sem hér um ræðir, er algert nýmæli, og segja má, að með henni sé tekið alldjúpt í árinna. Það er von nefndarinnar, að á hana verði fallizt sem mark til þess að keppa að, enda verða það úthlutunarreglurnar, settar af réttum stjórnvöldum, og fjölgun námsmanna, sem raunverulega ákvarða upphæð ríkisframlagsins á hverjum tíma. Hlýtur það að teljast raunhæfara en lögbundin upphæð, sem óðar en varir er úrelt orðin og ekki viðmiðunarhæf.

e. Til þessa hefur ríkisframlagið átt að gegna tvenns konar hlutverki: Gert er ráð fyrir, að það sé endurlánað námsmönnum, og því er ætlað að vera greiðsla til sjóðsins á mismun þeirra vaxta, sem námsmenn greiða, og þeirra vaxta, sem sjóðurinn á sínum tíma mun greiða af teknum bankalánunum. Bankalánin eru afborganalaus í 10 ár, endurgreiðast síðan með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana á fjórum árum en bera 8% ársvexti allan tímann. Vextir af bankalánunum koma því eigi til útborgunar fyrir en frá og með árinu 1971, þar sem þá fyrst hefjast greiðslur vaxta og afborgana af fyrstu lánunum, sem tekin voru árið 1961, þegar lánasjóðurinn var stofnaður. Til þess að gera hinn síðarnefnda tilgang virkan hefði í rauninni þurft að leggja hluta ríkisframlags liðinna ára fyrir og geyma til þessa tíma. Það hefur því miður eigi verið unnt, og viðbúið er, að vextir og afborganir af bankalánunum muni, þegar þar að kemur, koma fram í mjög auknu ríkisframlagi, og það því fremur, að afborganatími lánanna er mjög stuttur. Í frumvarpinu er svo ráð fyrir gert, að lánasjóðurinn greiði sjálfur höfuðstól þeirra bankalána, sem tekin verða hér eftir, en ríkissjóður greiði vextina. Þykir eðlilegt, að hið opinbera greiði vexti af því fé, sem á skortir, að veitt sé á fjárlögum til þess að halda uppi þeirri námsaðstoð, sem rétt stjórnvöld hafa tekið ákvarðanir um.

f. Nefndin leggur eindregið til, að teknir verði upp framhaldsstyrkir, svo sem lýst er í 9. gr. frumvarpsins, enda leggur Háskóli Íslands á það ríka áherzlu. Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er svo til ætlað, að stjórn lánasjóðsins hafi með höndum úthlutun styrkja þessara. Virðist eðlilegt, að

við þá úthlutun verði fylgt ákvæðum sérstakrar reglugerðar, settri af menntamálaráðherra.

g. Nefndin leggur til, að almennir námsstyrkir verði notaðir til þess að veða upp á móti kostnaðarauka þeirra, sem þurfa að fara utan til náms, sbr. athugasemdir við 8. gr. hér á eftir.

h. Þótt það leiði eigi beinlínis af ákvæðum frumvarpsins, gerir nefndin í tillögum sínum um úthlutunarreglur ráð fyrir því, að stúdentar við Háskóla Íslands fái námslán þegar á fyrsta námsári, svo sem verið hefur um námsmenn erlendis, en til þessa hafa hinir fyrrnefndu eigi orðið námslána aðnjótandi fyrr en á síðari hluta 2. námsárs.

Allmikið hefur verið rætt í nefndinni um tilhögun á fjárhagsaðstoð við þá, sem leggja stund á listnám. Hefur þeirri skoðun verið lýeyft, að sá hópur hafi nokkra sérstöðu, sem geri það að verkum, að örðugt sé að fella aðstoð við hann inn í hið almenna lána- og styrkjakerfi fyrir námsmenn. Komi þar einkum tvennt til: Í fyrsta lagi sé mjög vandasamt að leggja dóm á, hvort umsækjandi sé búinn þeim listrænu hæfileikum, er séu forsenda þess, að hann eigi erindi í listnám erlendis, auk þess sem tilhögun slíks náms sé með svo margvíslegu móti, að örðugt sé oft á tíðum fyrir ósérfróða aðila að skera úr um styrkhæfni námsins. Sé tæpast við því að búast, að stjórn lánasjóðs íslenskra námsmanna hafi á að skipa þeirri sérþekkingu, sem þurfi til að fjalla um þessi atriði, og kunni því að vera eðlilegra, að öðrum aðila yrði falið það verkefni. Í annan stað sé mikið álitamál, hvort veiting námslána sé æskilegt form á stuðningi við listnema, þar sem framtíðartekjuöflun þeirra sé í mörgum tilvikum mun meiri óvissu háð en annarra námsmanna. Virðist koma til greina, að velja fremur þá leið að veita árlega fé til styrkja handa efnilegum listamönnum, er hyggja á nám erlendis.

Tekið skal fram, að nefndin gerði enga samþykkt um þetta efni, enda voru nefndarmenn ekki að öllu leyti á einu máli um þau atriði, er hér hefur verið dregið á. Leggja ber áherzlu á, að enginn nefndarmanna taldi ástæðu til að skerða hlut listnema samanborðið við aðra námsmenn, heldur snerust umræðurnar um, hver tilhögun væri eðlilegust á fjárhagsaðstoðinni við þá og líklegust til að tryggja, að stuðningurinn nýttist sem best.

Gunnar Vagnsson, form.

Jón Steffensen.      Baldvin Tryggvason.      Árni Gunnarsson.  
Þórir Bergsson.      Höskuldur Jónsson.      Hörður Einarsson.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Í þessari grein er sú breyting gerð frá gildandi lögum um lánasjóð íslenskra námsmanna, að afnumin er skipting sjóðsins í tvær deildir, aðra fyrir stúdentana við Háskóla Íslands, en hina fyrir námsmenn erlendis. Svo sem rakið er í greinargerð hér að framan, þykir líklegt, að samræmi í lánveitingum til námsmanna heima og erlendis muni betur tryggt með því, að sami aðili annist úthlutun til beggja hópanna, auk þess sem sá háttur ætti að auðvelda stjórn sjóðsins yfirsýn um málefni hans, m. a. fjárþörf.

Í gildandi lögum segir, að sjóðurinn sé sjálfseignarstofnun. Með hliðsjón af því, hversu fjáröflun sjóðsins er beint háð árlegum fjárveitingum í fjárlögum, má telja þetta ákvæði harla merkingarlítið, og þykir eðlilegra að fella það niður.

Ákvæði um, hvaða námsmenn skuli koma til greina við lánveitingar úr sjóðnum, eru efnislega að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Er enn sem fyrr miðað við, að stuðningur sjóðsins taki fyrst og fremst til þeirra, er stunda nám við háskóla, eða nám, sem telja má, að krefjist álíka langs und-

irbúnings og þarf til stúdentsprófs. Gert er ráð fyrir, að þeir, sem nám stunda í tækniskólum erlendis eða við sambærilegar erlendar kennslustofnanir, eigi aðgang að lánnum, og er það í samræmi við núverandi skipan. Ákvæðið um, að lán skuli að jafnaði því aðeins veitt til náms erlendis, að eigi sé unnt að leggja stund á það á Íslandi, er ekki í gildandi lögum, en hins vegar í samræmi við meginreglu þá, sem fylgt hefur verið við lánveitingar til námsmanna erlendis. Þess ber að gæta, að hér er ekki einungis átt við námsgreinar, sem eigi eru kenndar hérlendis, heldur gert ráð fyrir, að námsmaður geti komið til greina við lánveitingar, ef sérstök atvik banna honum nám í grein sinni á Íslandi, svo sem aðgangstakmarkanir vegna þrengsla. Samkvæmt ákvæði þessu mundu því tæknifræðineinar við fyrri hluta nám í erlendum skólum að jafnaði ekki teljast lánshæfir, nema þrengsli í Tækniskóla Íslands hafi valdið því, að þeir hófu námið ytra.

Rétt þykir, að sett verði í reglugerð nánari ákvæði um þessi atriði, einkum að því er varðar lán til náms við erlendar kennslustofnanir.

Nefndinni er ljóst, að æskilegt kynni að teljast, að sköpuð yrðu skilyrði til að veita fjárhagsaðstoð til námsmanna við aðrar kennslustofnanir en frumvarpið gerir ráð fyrir. Hún hefur hins vegar ekki talið það hlutverk sitt að gera tillögur um þess háttar vikkun á verksviði lánasjóðsins. Ber þar m. a. til, að mikið álitamál er, hvort fjárhagsaðstoð við námsmenn í skólum undir háskólastigi á að vera í formi lána eða aðallega styrkir, og að slík aukning á fjárstuðningskerfinu mundi krefjast stórauðinnar fjáröflunar, sem sérstakrar athugunar og undirbúnings þyrfti við.

#### Um 2. gr.

Hér er mörkuð framtíðarstefna um fjárhagsstuðning við þá námsmenn, er starfsemi sjóðsins tekur til, og er þetta ákvæði nýtt. Ljóst er, að ekki verður í einni svipan unnt að auka svo aðstoðina, að hún nái því marki, sem greinin setur. Hins vegar telur nefndin eðlilegt, að keppt sé að þessu markmiði, og æskilegt að leggja áherzlu á það í lögnum.

#### Um 3. gr.

Hér ræðir um skipan sjóðsstjórnar. Breytingar frá gildandi lögum eru þessar:

1. Fellt er niður ákvæði um, að Menntamálaráð Íslands skuli nefna einn mann í stjórnina, og leiðir það af því, að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir, að Menntamálaráð annist lengur veiting námslána til námsmanna erlendis, sbr. athugasemdir við 4. gr.
2. Sambandi íslenzkra stúdenta erlendis er ætlað að nefna einn mann í stjórnina. Er það í samræmi við þá skipan, sem gilt hefur að undanfögnu, enda var í lögum gert ráð fyrir því, að samtök, sem meginþorri íslenzkra námsmanna erlendis ætti aðild að, skyldu, ef stofnuð yrðu, leysa af hólmi Bandalag íslenzkra háskólamanna sem tilnefningaraðila.
3. Bætt er í stjórnina einum manni, tilnefndum af fjármálaráðherra. Er þess vænt, að með því móti verði komið á tengslum milli fjármálaráðuneytisins og stjórnar lánasjóðsins, er æskileg megi teljast frá sjónarmiði beggja aðila.
4. Menntamálaráðherra er ætlað að skipa tvo stjórnarmenn án tilnefningar í stað eins áður. Kemur annar þeirra í stað fulltrúa Menntamálaráðs, og er ætlað til, að hann sé valinn með hliðsjón af kunnugleika á námi og högum þeirra námsmanna, sem eigi eru stúdentar. Er þá átt við námsmenn, sem nema erlendis við aðrar kennslustofnanir en háskóla. Nefndin taldi sig ekki geta bent á tilnefningaraðila, sem skoðast gæti eðlilegur fulltrúi þessa hóps, en hins vegar æskilegt, að hann ætti sérstakan málsvara í sjóðsstjórninni. Óbreytt er, að ráðherra skipi formann án tilnefningar.



5. Gert er ráð fyrir, að fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands í stjórninni skuli sem fyrr skipaður til eins árs í senn. Hins vegar þykir ekki ástæða til, að sama gegni um fulltrúa Sambands íslenskra stúdenta erlendis, þótt svo sé nú. Er þess að gæta, að fulltrúi þess mun að jafnaði hafa lokið háskólanámi sínu, en hins vegar eðlilegt, að Stúdentaráð vilji jafnan hafa í stjórninni fulltrúa, sem er við nám í Háskóla Íslands. Kann að þurfa tíð fulltrúaskipti til að tryggja þá skipan.
6. Þar sem tala stjórnarmanna verður samkv. frumvarpinu jöfn (6), má gera ráð fyrir, að atkvæði kunni stundum að falla jafnt við afgreiðslu mála. Er lagt til, að í slíku tilviki ráði atkvæði formanns úrslitum.

#### Um 4. gr.

Í þessari grein er ákveðið á um hlutverk stjórnar sjóðsins. Afnáam deildaskiptingar hefur í för með sér veigamiklar breytingar í þessu efni, þar sem sjóðsstjórninni sjálfri verður nú falin veiting námslána, auk þeirrar umsýslu fjármála sjóðsins, er hún hefur með höndum eftir gildandi lögum. Þá er stjórn lánasjóðsins og falið að annast um úthlutun námsstyrkja samkvæmt III. kafla frumvarpsins. Er þar að nokkru leyti um að ræða verk efni, sem nú er í höndum Menntamálaráðs, enda í beinum tengslum við úthlutun lána til námsmanna erlendis. Þar við bætist ráðstöfun þess fjár, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að veitt verði til framhaldsstyrkja samkvæmt 9. gr. Eðlilegt þykir, að veiting þessara síðartöldu styrkja verði í höndum stjórnar lánasjóðsins, enda verði þeir þannig liður í heildarkerfi fjárhagsaðstoðar við námsmenn. Af öðrum aðilum, sem til greina kynnu að koma í þessu sambandi, má nefna háskólaráð, en þess ber að gæta, að meðal umsækjenda um styrkina verða vafalítið ýmsir, sem ekki hafa numið við Háskóla Íslands. Má ætla, að stjórn lánasjóðsins hafi öðrum fremur aðstöðu til kunnugleika á högum og námsferli umsækjenda í heild, en hún ætti að sjálfsgöðu að vera frjás að því að leita umsagnar dómbærra aðila, þegar ástæða þætti til.

Í 4. tölulið greinarinnar er gert ráð fyrir, að sjóðsstjórninni verði falið að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð. Hér er ekki einungis átt við það sjálfsagða hlutverk, að aflað sé þeirra gagna, sem nauðsynleg eru til afgreiðslu umsókna frá einstökum námsmönnum hverju sinni. Fremur er hér stefnt að því, að lánasjóðurinn verði sá aðili, er beitir sér fyrir könnunum og skýrslugerð, sem auðveldað geti mótun stefnu í lána- og styrkjamálum námsmanna, leitt í ljós, hverjar breytingar séu æskilegar á skipan þeirra mála og hversu aðstoðin nýtist.

Gert er ráð fyrir úthlutunarreglum, er menntamálaráðherra staðfesti, og er það í samræmi við gildandi lög. Svo er einnig efnislega um það ákvæði, er heimilar sjóðsstjórninni að fela bankastofnun útborgun lána, bókhald, innheimtu o. fl.

Í næsta ákvæði greinarinnar er gert ráð fyrir, að stjórnin ráði sjóðnum starfslíð, eftir því sem nauðsyn krefur, að fengnu samþykki ráðherra. Ljóst er, að þörf stjórnarinnar fyrir starfsaðstoð eykst til muna við að úthlutun lána og styrkja færist á hennar hendur, einnig mundi henni ókleift að gegna því hlutverki, sem um ræðir í 4. tölulið, án slíkar aðstoðar.

Loks mælir greinin fyrir um, að árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af fé hans. Um það atriði er ekkert fram tekið í gildandi lögum.

#### Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar um lánakjör fela í sér þessar breytingar frá gildandi lögum:

1. Tekið er upp jafngreiðslukerfi (annuitet). Má ætla, að það verði til hagræðis fyrir lántaka, þar sem dreifing greiðslubyrðarinnar á endurgreiðslutímabilið verður jafnari en með núverandi skipan.
2. Ársvextir eru hækkaðir úr  $3\frac{1}{2}$  í 5%. Slik hækkun mundi gefa sjóðnum talsvert auknar tekjur og auka þar með stuðningsgetu hans, en hins vegar virðist ekki ástæða til að álíta, að hún þyngi greiðslubyrði lántaka um of. Talsvert var rætt í nefndinni um þá hugmynd að gera lánin visitölubundin, a. m. k. að tilteknu marki. Mundi sú tilhögun að sjálfsögðu vera sjóðnum mikil trygging gegn fjármagnsrýrnun af völdum verðbólguþróunar, en nefndin taldi ekki fært að gera tillögu um slíka skipan á lánum til námsmanna, meðan hún hefur ekki verið almennt upp tekin varðandi aðra lánastarfsemi í landinu.
3. Loks er gert ráð fyrir, að endurgreiðslur lána hefjist eigi fyrr en fimm árum eftir námslok, og er það tveimur árum síðar en gildandi lög mæla fyrir um. Hins vegar skulu vextir nú reiknast af lánum frá námslokum, en voru áður reiknaðir frá þeim tíma, er liðin voru tvö ár frá námslokum.

#### Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ekki í núgildandi lögum. Meginnýmælið, sem í þeim felst, er lögheimild fyrir úthlutunaraðila, þ. e. stjórn lánasjóðsins, að hafa við ákvörðun um fjárhæð námsláns til hvers einstaks námsmanns hliðsjón af efnahag hans og námsaðstöðu að öðru leyti. Meðan svo er hátað, að lánasjóðurinn hefur ekki bolmagn til að sinna að fullu lánsþörfum námsmanna, má telja eðlilegt, að slík heimild sé fyrir hendi, svo að tryggt verði eftir föngum, að fjárhagsaðstoðin komi þar að notum, sem brýnust þörf er fyrir hana. Hér kemur m. a. til greina að taka tillit til þess, hvort námsmaður þarf að búa utan heimilis um námstímann og greiða fæði og húsnæði fullu verði. Hins vegar þykir ekki ástæða til að láta umrædda heimild taka til efnahags foreldra námsmanns, enda hætt við, að örðugt mundi að sannreyna í hverju tilvik, hversu mikils fjárhagsstuðnings umsækjandi nyti. Er þess að gæta, að námsmenn þeir, sem hér er um að tefla, eru komnir á þann aldur, er lögbundnu framfæri foreldra er lokið, og hafa jafnvel margir hverjir þegar stofnað eigið heimili.

#### Um 7. gr.

Þessi grein svarar til 6. gr. gildandi laga um lánasjóð íslenzkra námsmanna. Í stað „stúdent“ kemur hér „námsmenn“ og í stað „námslána“ kemur „opinber aðstoð við námsmenn“. Er m. ö. o. gert ráð fyrir því, að Norðurlandamenn, sem hér eru heimilisfastir og stunda nám við Háskóla Íslands, skuli ekki einungis koma til greina við lánveitingar, heldur og styrkveitingar samkvæmt lögnum. Er það í samræmi við þá reglu, sem samkomulag hefur verið um á vettvangi norrænnar menningarmálasamvinnu.

#### Um 8. gr.

Þótt nefndinni væri fyrst og fremst falið að endurskoða lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna, taldi hún eftir eðli málsins óhjákvæmilegt að fjalla um styrki þá, er um langt skeið hafa verið veittir til námsmanna erlendis. Úthlutun þessara styrkja er að gildandi lögum í höndum Menntamálaráðs Íslands. Hefur sú tilhögun tíðkæpt að undanfögnu, að styrkveitingarnar væru í beinum tengslum við úthlutun lána, þannig að hluti af heildarveitingu til hvers einstaks námsmanns væri styrkur, þegar á námstímann liði. Í sambandi við styrki þessa koma ýmis sjónarmið til greina, m. a. hvort ekki væri eðlilegt, að námsmenn í Háskóla Íslands ættu kost hliðstæðra styrkja, eða að öðrum kosti að fella niður styrkina til náms erlendis. Um fyrri kostinn má segja, að þar sé um að tefla það grundvallaratriði, hvort fjárhagsaðstoð við stúdent

eigi öll að vera í formi lána, eins og nú tíðkast, að því er varðar námsmenn við Háskóla Íslands, eða hvort æskilegt væri, að hún væri að nokkru eða jafnvel öllu leyti styrkir. Nefndin hefur samkvæmt umboði sínu miðað starf sitt við, að lána-kerfið héldist, og því ekki tekið afstöðu til framangreinds grundvallaratriðis. Hins vegar taldi hún að athuguðu máli sanngjarnt, að leitast yrði við að jafna nokkuð aðstöðu námsmanna í heild með því að draga úr beinum kostnaðarauka, sem því fylgir að öðru jöfnu að fara til náms erlendis, fyrst og fremst vegna fargjalda, en einnig í sumum tilvikum vegna skólagjalda o. fl. kostnaðarliða, sem ekki koma til við háskólanám hér heima. Virðist eðlilegt, að þetta sé gert með styrkjum, en hins vegar sé lánsfjáraðstaðan hin sama, að því er varðar sams konar námskostnað, hvort heldur numið er heima eða erlendis. Þess ber að minnast, að samkvæmt orðalagi greinarinnar koma „jöfnunarstyrkir“ af þessu tagi ekki til greina nema um sé að ræða nám, er eigi verður stundað hér á landi.

#### Um 9. gr.

Menntamálaráðuneytið vísaði til nefndarinnar erindi frá rektor Háskóla Íslands um stuðning ríkisvalds við kandidata, er hyggja á framhaldsnám. Eins og þar er tekið fram, hefur um skeið verið að mestu óbrúað bil í hinu opinbera fjárstuðningskerfi í þágu námsmanna á milli námslána og styrkja til stúdenta annars vegar og hinna svonefndu kandidatastyrkja Vísindasjóðs hins vegar. Þeir, sem lokið hafa háskólaprófi, hafa að jafnaði ekki átt kost lána úr lánasjóði íslenskra námsmanna, en Vísindasjóði er hins vegar ekki ætlað að styrkja aðra kandidata en þá, sem leggja stund á sérhæft framhaldsnám til undirbúnings vísindastörfum. Kandidatar, sem hyggja á almennt framhaldsnám í grein sinni, eiga því fárra kosta vól um styrki, einkum eftir að geta Sáttmálasjóðs til styrkveitinga tók að þverra. Nefndin er sammála um, að brýna nauðsyn beri til að ráða hér nokkra bót á. Þykir eðlilegt, að slíkur stuðningur við kandidata verði fremur í formi styrkja en lána, enda má ætla, að umsækjendur yrðu flestir búnir að baka sér allmiklar námsskuldir fyrir. Styrkirnir þyrftu að vera allríflegir, svo að þeir kæmu að sem bestum notum. Í frumvarpsgreininni er ekki tiltekið, hversu marga slíka styrki skuli veita árlega, né um fjárhæð þeirra, og yrði það á valdi Alþingis hverju sinni, væntanlega að fengnum tillögum menntamálaráðuneytisins, er leitað hefði álits stjórnar lánasjóðsins. Nefndin hefur gert sér í hugarlund, að fært kynni að þykja að veita í fyrstu tuttugu 50 þúsund króna styrki á ári eða samtals 1 millj. kr. Úthlutun styrkjanna yrði samkvæmt 4. gr. í höndum stjórnar lánasjóðsins.

Í greininni er nánar kveðið á um, hvaða skilyrðum skuli fullnægt til að koma til greina við styrkveitingar þessar. Miða þau ákvæði að því að tryggja, að aðstað þeirra, sem um styrkina sækja, sé sambærileg, að því er lengd námsferils varðar. Er því gert ráð fyrir, að þeir, sem lokið hafa háskólaprófi, er krefst að jafnaði skemmra undirbúningsnáms en 5 ára, og leggja síðan stund á framhaldsnám, geti hlotið námslán, þar til 5 ára markinu er náð, en þá sé þeim heimilt að sækja um kandidatastyrk.

#### Um 10. gr.

Hér ræðir um árlegt ráðstöfunarfé lánasjóðsins, sem gert er ráð fyrir, að myndist af sömu tekjustofnum og eftir gildandi lögum, þ. e. vöxtum og afborgunum af námslánum, ríkisframlagi og lántökum, sjá athugasemdir við 11. og 12. gr.

#### Um 11. gr.

Þessi grein fjallar sérstaklega um þann hluta tekna lánasjóðsins, er myndast af árlegri fjárveitingu í fjárlögum. Svo sem rakið er nánar í greinargerðinni hér að framan, taldi nefndin sjálfsagt að fella niður ákvæði gildandi laga um lágmarksfjárhæð ríkisframlagsins. Þykir eðlilegast — og er raunar í samræmi

við núverandi framkvæmd — að framlagið sé ákvarðað árlega með hliðsjón af tillögum lánasjóðsstjórnarinnar.

Um 12. gr.

Í gildandi lögum er lántökuheimild sjóðsstjórnar bundin við ákveðið árabil, þ. e. 1961—1980. Hér er gert ráð fyrir, að þessi tímatakörk séu felld niður, enda verði lántaka háð samþykki menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis hverju sinni. Þá er og það nýmæli í greininni, að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði vexti af lánum þeim, sem tekin verða handa sjóðnum frá gildistöku laganna. Er nánar að því atriði vikið, svo og að viðhorfi nefndarinnar við lántökuleiðinni almennt, í greinargerðinni hér að framan.<sup>1)</sup>

Um 13. gr.

Þessi grein er óbreytt frá gildandi lögum og þarf ekki skýringar.

Um 14. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 15. gr.

Lög nr. 35 frá 27. júní 1925, um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla, hafa um langt skeið verið bókstafurinn einn, og þykir eðlilegt að fella þau úr gildi.

Samkvæmt g-lið 7. gr. laga nr. 50 frá 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, er það einn þáttur í hlutverki menntamálaráðs „að úthluta námsstyrkjum þeim og námslánum, sem og þeim styrkjum öðrum, sem fé er veitt til í fjárlögum og menntamálaráði er þar falið að úthluta“. Ef frumvarp þetta verður að lögum, verður úthlutun námslána þeirra og námsstyrkja, sem tilvitnaður staflíður fjallar um, falin stjórn lánasjóðs íslenskra námsmanna, og þykir því eðlilegt að breyta umræddum ákvæðum á þann veg, sem frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir.

Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringar við“.

## Fylgiskjal I.

### Athugun á fjárhagsgrundvelli lánasjóðsins.

Í tillögum nefndarinnar um úthlutunarreglur er svo ráð fyrir gert, að námsmenn fái umframfjárbörf 1. námsárs í námsláni að 3/10 hlutum, en síðan fari það hlutfall hækkandi, upp í 8/10 hluta á sjöunda námsári. Gildi þetta jafnt um alla námsmenn, sem lögin taka til, bæði heima og erlendis, með nokkrum frávikum þó, svo sem í tillögunum er lýst.

Hér verður reynt að áætla fjárbörf til námsaðstoðar, ef hið nýja kerfi verður upp tekið, og gerður samanburður við fjárbörf samkvæmt eldra kerfinu. Jafnframt verður fjáröflunin athuguð.

Eftirtaldar forsendur eru notaðar við þessa áætlun:

1. Umframfjárbörf námsmanna er fengin úr könnun á námskostnaði, eins og hann var í nóvember 1964. Tölur könnunarinnar eru hækkaðar um 10% fyrir hvort áranna fram til áramóta 1966/1967 fyrir stúdentana við H. Í. en 5% að meðaltali fyrir námsmenn erlendis.
2. Fjöldi námsmanna erlendis, sem mun njóta námsaðstoðar, er fenginn með því að nota fjölda lán- og styrkþega erlendis s. l. vetur að viðbættum 7% vegna fjölgunar. Lánþegum við H. Í. fjölga hins vegar miklu meira, þar sem ætlunin er að veita nú lán þegar á 1. námsári. Sú leið var farin að áætla fjöldann á hverju námsári og í hverri deild út frá samsvarandi tölum s. l. vetur, að viðbættum 7%. Þessi fjöldi er lækkaður um 15%, þar

1) Um niðurfelling þessa ákvæðis, sjá inngang að „Athugasemdum við lagafrumvarp þetta“, bls. 3 hér að framan.

sem margir þeirra, sem innritaðir eru í Háskólann, stunda þar ekki reglu-  
legt nám. Auk þess sækja ekki allir um lán, sem uppfylla sett skilyrði.

3. Gert er ráð fyrir 20 kandidatastyrkjum, hverjum að fjárhæð 50 þús. kr.  
Nú er unnt að áætla fjárbörf og gera samanburð á, hver hún yrði að  
óbreyttu námsaðstoðarkerfi og samkvæmt nýja kerfinu. Allar tölur eru millj. kr.

Námsaðstoð 1966:		H. Í.	Erlendis	Fjáröflun	
Lán .....	7.4		10.1	Lánsfé .....	4.8
Styrkir .....			2.6	Eigin tekjur .....	1.7
				Ríkisframlag .....	13.6
Samtals	7.4	+	12.7	=	20.1
Námsaðstoð samkvæmt núgildandi kerfi 1967:					
	H. Í.		Erlendis	Fjáröflun	
Lán .....	8.8		12.3	Lánsfé .....	4.8
Styrkir .....			3.0	Eigin tekjur .....	3.4
				Ríkisframlag .....	15.9
Samtals	8.8	+	15.3	=	24.1
Námsaðstoð samkvæmt nýja kerfinu 1967:					
	H. Í.		Erlendis	Fjáröflun	
Lán .....	12.1		13.2	Lánsfé .....	4.8
Styrkir .....			3.5	Eigin tekjur .....	3.4
				Ríkisframlag .....	21.6
Kandidatastyrkir .....			1.0		
Samtals	12.1	+	17.7	=	29.8

Tekið skal fram, að við áætlun á fjárbörf hefur verið gert ráð fyrir, að að-  
stoð til námsmanna erlendis verði í engu tilviki lægri í krónutölu en hún hefði  
orðið samkvæmt úthlutunarreglum s. l. vetur. Áætlaðar eru kr. 600 000 í fjár-  
þörfinni fyrir næsta ár vegna þessa liðs. Þessi regla þarf ekki að gilda nema  
í eitt til tvö ár, vegna hækkandi verðlags.

Við samanburð á fjárbörf, annars vegar miðað við núgildandi lánakerfi  
árið 1966 og hins vegar hið fyrirhugaða á árinu 1967, kemur í ljós, að aukning-  
in, þ. e. hækkun á námsaðstoð alls úr 20.1 milljón í 29.8 millj., er fólgin í  
eftirfarandi:

Fjölgun námsmanna og hækkun á verðlagi .....	4.0 millj.
Kandidatastyrkir .....	1.0 —
1. árs stúdentar í H. Í. ....	3.0 --
Önnur breyting á útlánakerfinu .....	1.7 —

Alls 9.7 millj.

Til fróðleiks má geta þess, að reiknað hefur verið út, hver verið hafi öll  
umframfjárbörf námsmanna erlendis skólaárið 1965—66. Mun hún hafa num-  
ið nálægt 26.9 millj. kr. Samanlögð námsaðstoð við þessa námsmenn mun  
nema um 12.7 milljónum króna, eða um 47 af hundraði.

Ef úthlutunarreglurnar hefðu verið komnar í gildi í ár, hefði þetta hlut-  
fall verið um 55%.

Á sama hátt mun umframfjárbörf stúdenta við Háskóla Íslands hafa  
numið um 26.4 millj. kr. skólaárið 1965—66. Námslán á þessu ári til stúd-  
enta við Háskóla Íslands verða væntanlega um 7.4 millj. kr., eða 28% af

fjárförfinni. Ef lán hefðu á þessu ári verið veitt skv. hinum fyrirhuguðu reglum, hefðu þau væntanlega numið um 9.6 millj. kr., eða um 36% af umframfjárförfinni.

Í heild hefur þá umframfjárförf allra þeirra íslenzkra námsmanna, sem námslánakerfið nær til í ár, verið mætt að 38 hundraðshlutum, en verður mætt samkvæmt hinum nýju reglum um 46 hundraðshlutum, og er þá reiknað að með auknum námskostnaði vegna breytts verðlags.

Taka ber skýrt fram, að þessu veldur ekki að öllu leyti aukin námsaðstoð við þá, sem gildandi lánakerfi nær nú til. Dreifing námsaðstoðarinnar verður nú með allt öðrum hætti. Námsmenn á síðari hluta námstíma munu fá meiri aðstoð en áður, en námsmenn á fyrstu árunum minni. Í heild verður námsaðstoðin heldur meiri til þeirra, sem hennar njóta skv. gildandi reglum, en mestu veldur þó, að hún nær nú til miklu fleiri námsmanna, þar sem stúdentar, sem stunda reglulegt nám við Háskóla Íslands, munu eftir breytinguna fá námslán frá upphafi í stað 4. missiris, skv. gildandi lána-reglum.

Nefndin hefur látið gera áætlun um fjölgun námsmanna á næstu árum, bæði stúdenta og annarra en stúdenta. Samkvæmt þeirri áætlun þyrfti ríkisframlag til námsaðstoðar þeirra námsmanna, sem löggin taka til, að vera — að óbreyttum bankalánnum — sem hér segir nokkur næstu ár, miðað við, að hinar nýju úthlutunarreglur taki gildi (árið 1966 til samanburðar, millj. kr.):

Árið	Námsaðstoð alls	Banka- lán	Eigin tekjur	Ríkis- framlag
1966	20.1	4.8	1.7	13.6
— 1967	29.8	4.8	3.4	21.6
— 1968	32.8	4.8	4.4	23.6
— 1969	35.3	4.8	5.4	25.1
— 1970	37.4	4.8	6.3	26.5
— 1971	39.6	4.8	7.3	27.5
— 1972	42.3	4.8	8.5	29.0

Hér er að sjálfsögðu miðað við óbreytt verðgildi peninga og óbreyttar hlutfallstölur lána af umframfjárförf.

Vakin er athygli á, að samkvæmt þessu yfirliti mæta auknar eigin tekjur sjóðsins rétt um 40 af hundraði af aukningu námsaðstoðarinnar á þessu árabili.

Til fróðleiks fer hér á eftir yfirlit yfir hreina eign lánasjóðs íslenzkra námsmanna og þeirra lánasjóða, sem áður störfuðu, allt frá byrjun:

1952	Kr.	849 127.77
1953	—	1 543 612.49
1954	—	2 295 505.30
1955	—	3 235 470.26
1956	—	4 306 079.55
1957	—	5 419 851.14
1958	—	6 602 482.89
1959	—	9 004 885.80
1960	—	14 082 949.61
1961	—	18 076 432.29
1962	—	23 697 454.24
1963	—	30 379 914.88
1964	—	38 315 416.72
1965	—	47 198 181.56

Það skal tekið fram, að vextir af teknum bankalánnum hafa eigi verið uppfærðir sem skuld í reikningum lánasjóðsins. Bankalánin hafa numið eftirtöldum

upphæðum frá upphafi, og til samanburðar áætlaðar lántökur, þegar gildandi lög um lánasjóðinn voru sett (þús. kr.):

Árið 1961 .....	4 200	4 200
— 1962 .....	4 500	4 250
— 1963 .....	4 200	4 150
— 1964 .....	4 900	3 825
— 1965 .....	5 200	3 425
— 1966 .....	4 800	2 700
Alls	27 800	22 550

Bankalánin hafa því samtals numið rúmlega 5 millj. kr. umfram áætlun. Ríkisframlögin hafa þó fyllilega bætt þetta upp, en þau hafa verið frá upphafi sem hér segir, og áætluð framlög til samanburðar (þús. kr.):

Árið 1961 .....	4 650	4 650
— 1962 .....	5 533	4 975
— 1963 .....	6 670	5 300
— 1964 .....	7 616	5 650
— 1965 .....	8 758	6 000
— 1966 .....	10 940	6 375
Alls	44 167	32 950

Á móti 5 milljón króna auknum bankalánnum hefur því komið rúmlega 11 milljón króna ríkisframlag, þannig að sjóðurinn á ekki að vera síður fær um að greiða bankalánin, þegar þar að kemur, en ráð var fyrir gert.

Ei að síður er það svo, að telja verður, að raunhæfasta framkvæmd þeirrar stefnu, sem mörkuð hefur verið á undanförunum árum í lánamálum námsmanna, væri tvímælalaust sú að hætta smátt og smátt að taka bankalán, því þau eru hvort sem er í rauninni ekkert annað en frestun á ríkisframlagi. Úr þeim átti líka að draga allar götur frá 1962, og þau áttu að hverfa frá og með árinu 1969, eins og áður getur.

Nefndin er einhuga um að leggja til, að reynt verði til hins ítrasta að draga úr bankalánnum á næstu árum. Viðurkennt skal, að réttlætlegt er að afla sjóðnum fjár með þeim hætti enn um sinn, en þó eigi í ríkara mæli en svo, að eigi þurfi ríkisframlagið að aukast af þeim sökum síðar svo miklu nemi, þegar að skuldadögum kemur, né að grípa þurfi þá til þeirra örþrifa-ráða að draga úr aðstoðinni við námsmenn.

Nefndin bendir á, að hækkun vaxta á námslánnum mun auka tekjur sjóðsins verulega, þegar fram í sækir. Eigin tekjur sjóðsins vaxa nokkuð hröðum skrefum. Verði að því horfið, svo sem lagt er til í frumvarpinu, að veitt verði fé sérstaklega til þess að greiða vexti af þeim bankalánnum, sem hér eftir verða tekin, verður sjóðurinn innan skamms fær um að taka á sig nokkurn hluta af fjölgun námsmanna, og síðar ætti honum að verða fært að standa sjálfur undir nokkrum rýmkunum á úthlutunarreglum. Er þá fyrst og fremst haft í huga, að að því skuli stefnt að hækka lán til þeirra, sem eru í löngu og dýru námi.

## Fylgiskjal II.

### Tillögur að samræmingu núgildandi úthlutunarreglna.

Gildandi úthlutunarreglur eru samdar af þeim tveimur aðilum, sem ann-azt hafa úthlutunina. Ef upp verður tekin sú skipan, svo sem lagt er til í frum-varpi þessu, að úthlutun námslána verði framvegis á einni hendi, þ. e. stjórn-ar sjóðsins, leiðir af því, að það verður hún, sem semur úthlutunarreglur og

fær þær staðfesar. Úthlutunarreglurnar verða því nánast reglugerð sett af ráðherra, sem gildir til óákveðins og væntanlega skamms tíma í senn.

Það skal skýrt fram tekið og undirstrikað, að í raun og veru verða það úthlutunarreglurnar, sem á hverjum tíma að verulegu leyti ákvarða fjárförf sjóðsins, ásamt breytingum á námsmannafjölda. Réttur námsmanna til námsaðstoðar, aðallega námslána, er mjög almennur. Það, sem ávarðar fjárförf lána-sjóðsins, er aðallega:

- a. Fjöldi námsmanna í heild, sem rétt á til námsaðstoðar skv. lögum.
- b. Hversu margir nota sér þann rétt.
- c. Ákvæði úthlutunarreglna um, hversu miklum hluta umframfjárfarfar hvers námsmanns skuli mætt með opinberri aðstoð.

Verður eigi farið nánar út í þessi atriði hér, en vísað til greinargerðar um undirbúning að úthlutun og uppkasts að úthlutunarreglum, sem Þórir Bergsson, cand. act., hefur samið að tilhlutan nefndarinnar.

Er nefndin einhuga um að leggja til, að fylgt verði þeirri tillögu, sem þar kemur fram, að námslán verði, bæði heima og erlendis, miðuð við raunverulega umframfjárförf hvers einstaks námsmanns. Verði þá til grundvallar lögð könnun sú á námskostnaði, sem nefndin hefur látið gera, hvað námsmenn erlendis snertir, eftir dvalarlöndum og fyrir námsmenn hér heima eftir námsgreinum og mismunandi námsaðstöðu. Fylgir greinargerð um könnunina nefndarálitinu þessu sem sérstakt fylgiskjal. Nefndin leggur áherzlu á, að stefnt verði að því með hækkun hlutfallstalnanna að ná sem fyrst því marki, sem sett er í 2. gr. frumvarpsins.

Að athuguðu máli leggur nefndin til, að námsmenn fái námslán sem hluta af umframfjárförf, eftir þeim árafjölda, sem námið tekur að eðlilegum hætti, eða í fyrstu sem hér segir:

Á fyrsta ári .....	30%
– öðru ári .....	50%
– þriðja ári .....	50%
– fjórða ári .....	60%
– fimmta ári .....	80%
– sjötta ári .....	80%
– sjöunda ári .....	80%

Nefndin er þeirrar skoðunar, að námsmanni sé það mikils virði að eiga von að verulegri aðstoð síðari hluta námstíma.

Að öðru leyti þarfnast mál þetta vart frekari skýringa, enda er regla þessi auðveld mjög í framkvæmd. Fengju námsmenn þá á námstímanum öllum um eftirfarandi hundradshluta af umframfjárförf:

3 ára nám .....	43.3%
4 — — .....	47.5%
5 — — .....	54.0%
6 — — .....	58.3%
7 — — .....	61.4%

Þess ber að geta, að nauðsynlegt er, að könnun á námskostnaði verði gerð alloft, t. d. á tveggja til þriggja ára fresti.

Svo sem áður greinir, er með „umframfjárförf“ átt við *allan kostnað við námið, að frádregnum (áætluðum) tekjum námsmannsins sjálfs*. Er rétt að benda sérstaklega á þetta hér, þar sem notkun þessa hugtaks í niðurstöðum námskostnaðarkönnunarinnar, getur leitt til villandi niðurstöðu. Þar merkir „umframfjárförf“ nánast þá peningaupphæð, sem hver námsmaður þarf að fá í hendur umfram eigin tekjur, en það leiðir til þess, að meginhluti framfærslukostnaðar nokkurs hluta námsmanna (þ. e. þeirra, sem búa á heimilum foreldra sinna eða annarra aðstandenda) kemur ekki fram sem kostnaður við nám þeirra.



## Úthlutunarreglur og fjárþörf til námslána og styrkja.

### I. Um úthlutunarreglur.

Markmiðið er að finna sem réttlátastar reglur til að vinna eftir við úthlutun styrkja og lána til íslenskra námsmanna, án þess að úthlutunarvinnan verði óviðráðanlega umfangsmikil.

Fjármagn til úthlutunar er nú ekki það mikið, að unnt sé að veita lán og styrki þannig, að hver og einn fái umframfjárþörf sína að fullu í veitingum frá lánasjóðnum. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir eftirtöldum atriðum við ákvörðun láns- og styrkjaupphæða:

#### 1. Hvernig stendur námsmaður við upphaf þess náms, sem veitir rétt til lána og/eða styrkja?

Hér verður gerður samanburður á tveimur hópum námsmanna, þ. e. stúdentum, sem fara í háskólanám, og tæknifræðinemum. Byrjunaraðstöðu annarra þarf að athuga í hverju tilviki.

#### Stúdentar.

Nám þeirra eftir 1. ár í menntaskóla til stúdentsprófs er þrjú vetur. Árlegur námstími með  $\frac{1}{2}$  mánaðar frii er sýndur hér, svo og fjáröflunartími.

	Nám og fri	Fjáröflun
1. árið .....	8 $\frac{1}{2}$ mánuður	3 $\frac{1}{2}$ mánuður
2. — .....	8 $\frac{1}{2}$ —	3 $\frac{1}{2}$ —
3. — .....	9 $\frac{1}{2}$ —	3 $\frac{1}{2}$ —

Samtals 26 $\frac{1}{2}$  mánuður 10 $\frac{1}{2}$  mánuður

Árin eru reiknuð frá 1. júní til 31. maí, nema síðasta árið, sem reiknast til 30. júní.

#### Tæknifræðinemar.

Af tæknifræðinemum er krafizt gagnfræðaprófs. Standa þeir að því loknu jafnfætis menntaskólanemum eftir 3. bekk. Auk þess þurfa þeir að vinna 1 til 3 ár við einhverja iðngrein. Sveinsprófs í iðn er ekki krafizt. Samkvæmt upplýsingum Ingvars Ingvarssonar, skólustjóra Tækniskólans, hafa nú  $\frac{3}{4}$  þeirra, sem þar stunda nám nú, sveinspróf. Væntanlega lækkar það hlutfall með tímanum.

Tækniskólinn verður hér heima þrjú vetur, hver með 8 mánaða námi. Fyrsta veturinn eru nemendur í svonefndum forskóla, sem er hreint undirbúningsnám. Annar veturinn, millideild, er blandað nám. Helmingur námsins þann vetur telst til undirbúningsnáms en hinn helmingurinn er helgaður raunverulegu tæknifræðinámi. Þriðji veturinn er hreint tæknifræðinám. Nemendur fara síðan utan og nema í tvö ár þar. Námstíminn er þar hvort ár 10 mánuðir auk próftíma.

Ef gert er ráð fyrir, að þeir, sem fara í tækninám, stundi að jafnaði tveggja ára vinnu að loknu gagnfræðaprófi, lítur tafla yfir nám og frítíma og fjáröflunartíma þannig út fram að þeim tíma, sem þeir, hvað aldur snertir, standa jafnfætis stúdentum:

	Fri og nám	Fjáröflun
1. árið .....	$\frac{1}{2}$ mánuður	11 $\frac{1}{2}$ mánuður
2. — .....	$\frac{1}{2}$ —	11 $\frac{1}{2}$ —
3. — .....	8 $\frac{1}{2}$ —	4 $\frac{1}{2}$ —

Samtals 9 $\frac{1}{2}$  mánuður 27 $\frac{1}{2}$  mánuður

Þeir hafa þá lokið 1. ári í Tækniskólanum.

Af þessu yfirliti sést, að tæknifræðinemar ættu að standa mun betur að vígi fjárhagslega en stúdentar við byrjun náms. Ef tækninemar eiga ekki að fá betri aðstöðu fjárhagslega en stúdentar, þarf að taka tillit til þessa.

Virðist þrennt koma til greina:

1. Veita tækninemum lægri lán og/eða styrki,
2. hefja lánveitingar til þeirra síðar, t. d. eftir annað árið í Tækniskólanum, eða
3. jafnvel ekki fyrr en þeir fara utan, og leggur nefndin til, að sú leið verði farin.

### 2. Hver er árleg umframfjárbörf námsmanna?

Hér skipta máli mörg atriði, svo sem hvaða nám er stundað og hvar, hve langur árlegur námstími, fjáröflunarstaða og aðstaða námsmanna að öðru leyti, t. d. hvar hann býr.

Könnun sú, sem gerð hefur verið á námskostnaði í nóvember 1964, gefur allgóðar upplýsingar um umframfjárbörf námsmanna.

Ljóst er, að þetta hlýtur að vera mjög einstaklingsbundið. Tekjuöflun námsmanna getur orðið miklu meiri en þar er gert ráð fyrir. Eðlilegt verður að telja, að krafizt sé upplýsinga um tekjuöflun námsmanns í umsóknum um lán og styrki.

Nauðsynlegt virðist þó að gera ráð fyrir lágmarkstekjuöflun, nema eðlilegar skýringar séu fyrir hendi, svo sem veikindi.

Gæta þarf þess, að lán verði ekki lækkuð svo mikið vegna mikillar tekjuöflunar, að þau dragi úr vinnu námsmanna í frium. Þar sem um lán er að ræða, ætti þó að vera lítil hætta á því.

Taka þarf tillit til aðstöðu námsmanns, t. d. hvort hann býr hjá foreldrum eða ekki. Þetta þarf þó að gera með nokkurri varfærni. Sama er að segja um alla aðstoð fjölskyldu við námsmann.

### 3. Hve langt er námið?

Því lengra sem námið er, því seinna byrjar námsmaður að afla fjár. Taka þarf tillit til þessa, þannig að þeir, sem eru í lengstu námi, fái aðstöðu til tilþölulega hærri lána en aðrir.

Mætti t. d. hugsa sér, að lánveitingar væru ákveðinn hundraðshluti af umframfjárbörf námsmanns þannig:

1. árið .....	30%
2. — .....	40%
3. — .....	50%
4. — .....	60%
5. — .....	70%
6. — .....	80%
7. — .....	90%

Fengju námsmenn þá eftirfarandi hundraðshluta af heildarumframfjárbörf eftir lengd námsins, ef árleg umframfjárbörf væri alltaf hin sama:

3 ára nám .....	40%
4 — — .....	45%
5 — — .....	50%
6 — — .....	55%
7 — — .....	60%

Þessar tölur eru settar fram sem hugmynd. Þær eru á engan hátt fullnægjandi. Námsmaður þarf að afla sér verulegs fjármagns með öðrum lánnum, en lánaþjófurinn er bundinn af því fjármagni, sem hann hefur til umráða hverju sinni. Æskilegt væri, að unnt væri að lána alla umframfjárbörfina úr sjóðnum. Hundraðshlutarnir þyrftu smám saman að hækka, þar til því marki er náð.

#### 4. Er námsmaður kvæntur?

Hvort taka ber tillit til þess og þá hvernig, verður alltaf deiluatríði. Margir halda því fram, að það geti verið hagur að því að vera kvæntur, þar eð maki vinni oft fyrir verulegum launum. Þetta hlýtur þó að vera háð barnafjölda. Virðist vart vera hægt að taka tillit til þessa atriðis við úthlutun lána og sömu reglur verði að gilda, hvað sem hjúskaparstétt líður.

#### 5. Lán og styrkir.

Nefndin gerir ráð fyrir, að fjárhæð sú, sem veitt er til styrkja, verði notuð til þess að jafna aðstöðumun námsmanna. Myndu þá styrkirnir einkum fara til þeirra, sem þurfa að greiða verulegan ferðakostnað og há skólagjöld, svo og þeirra, sem slæma aðstöðu hafa til tekjuöflunar.

Af því, sem hér hefur verið sagt, verður ljóst, að nauðsynlegt er að úthlutun lána og styrkja, — hverjir fá þau/þá og hvaða upphæðir —, þarf að vera töluvert tengdara aðstöðu hvers einstaks námsmanns en hingað til. Þar sem úthlutunaraðila er, hvort sem er, nauðsyn að hafa fullkomna spjaldskrá yfir alla námsmenn, ætti þetta ekki að vera mikil vinnuaukning. Hins vegar tryggði þetta, að lánin lentu hjá þeim, sem mesta þörfina hafa, og yrði nýting sjóðsins þannig miklu meiri og réttlátari. Fleiri aðilar hafa þörf á fullkominni spjaldskrá yfir námsmenn. Má í því sambandi einkum nefna aðila, sem hafa með höndum áætlanir um mannafla í hinum ýmsu fögum. Sennilega er unnt að koma á samvinnu við þá til hagræðis og kostnaðarlækkunar fyrir alla aðila.

#### Undirbúningur að úthlutun og úthlutunarreglur.

Varðandi úthlutunina sjálfa verður eftirfarandi verkefni úthlutunaraðila:

1. Að ákveða, hverjir eigi rétt á láni samkvæmt 1. gr. laganna. Sjóðsstjórnin verður að meta, hvort erlend kennslustofnun er hliðstæð háskóla eða tækniskóla.  
Eftirfarandi regla skal gilda:  
Enginn fær lán, sem stundar skemmra nám en tveggja ára.
2. Að ákveða upphæð hvers einstaks láns (sjá 6. gr.).
3. Að ákveða, hverjir skuli frá styrki samkvæmt 8. gr.
4. Að ákveða upphæð hvers einstaks styrks.

Hér verður gert yfirlit yfir undirbúning að úthlutun og úthlutunarreglum, eins og nefndin hugsar sér þær:

- I. Þegar námsmaður sækir í fyrsta sinn um lán, skal færa upplýsingar um hann á sérstakt úthlutunarspjald. Á framhlið spjaldsins skulu vera allar upplýsingar, sem venjulega breytast ekki frá ári til árs. Þó skal heimilisfang vera þar. Á bakhlið skulu vera dálkar fyrir upplýsingar, sem varða hverja úthlutun sérstaklega, svo sem námsár, bústaður, námskostnaður, fjáröflun, styrkir frá öðrum o. fl. Einnig færast þar veitt lán og styrkir.
- II. Þegar umsóknir hafa borizt, eru þær flokkaðar eftir:
  1. Námslandi. Í þeim löndum, þar sem mikill munur er á framfærslukosnaði eftir borgum, þarf að flokka eftir því.
  2. Námsári. Gera þarf greinarmun á námsári og lánsári. Þetta er vegna þess, að ekki skal veita lán eða styrk nema um eðlilega framvindu námsins sé að ræða. Þó mega menn að sjálfsögðu fara hraðar yfir en meðaltalið og njóta þess í námsaðstoð. Einnig skiptir þetta máli, ef námsmaður sleppir að sækja um eitthvert ár.
  3. Námsgrein.
  4. Bústað. Hér er átt við skiptinguna: Á Garði, í heimahúsum og annars staðar.

Liklegt er, að taka þurfi tillit til, hvort umsækjandi nýtur fæðishlunninda hjá ættingjum, þótt hann búi ekki heima.

Við þessa flokkun eru þeir teknir út, sem ekki fullnægja skilyrðum samkvæmt 1. gr., 1. og 2. mgr. Einnig þeir, sem eru í skemmra en tveggja ára námi.

- III. Eftir þessa flokkun skal færa inn á spjöldin meðalnámskostnað samkvæmt könnun sjóðsstjórnar.
- IV. Athuguð fjáröflun hvers umsækjanda s. l. ár.  
Átt er við vinnutekjur að frádrögnum lífeyri, meðan á fjáröflun stendur. Hafi umsækjandi ekki aflað fjár með vinnu, þótt eðlilegt mætti teljast, skal gera ráð fyrir ákveðinni lágmarks fjáröflun á mánuði í frítíma. Þessi fjáröflun er færð inn á spjaldið.
- V. Athugað, hvaða styrki umsækjandi hefur hlotið eða fengið loforð um á námsárinu frá öðrum opinberum aðilum, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir. Þessir styrkir eru færðir inn á spjaldið.
- VI. Námskostnaður að frádrögnum fjáröflun og styrkjum er umframfjárbörf umsækjanda.
- VII. Umsækjendur eru nú flokkaðir í 3—5 flokka eftir umframfjárbörf. Hve marga flokka er hengtugt að hafa, verður reynslan að sýna.
- VIII. Námsmenn í hinum ýmsu flokkum skulu fá úthlutun samkvæmt eftirfarandi reglum:

Námsmenn á 1. námsári	.....	30%	af	umframfjárbörf
— 2.	.....	50%	—	—
— 3.	.....	50%	—	—
— 4.	.....	60%	—	—
— 5.	.....	80%	—	—
— 6.	.....	80%	—	—
— 7.	.....	80%	—	—

Síðustu þrjú námsárin verði einkum veittir styrkir, eftir því sem þeir endast til.

- IX. Sjóðsstjórnin er ekki bundin við þessar reglur. Þær mynda einungis umgerð. Alltaf hljóta að koma fram vafamál og afbrigðileg atriði, sem taka þarf sérstakar ákvarðanir um.

Samkvæmt 2. gr. laganna er einnig ljóst, að stefna ber að því að hækka ofangreinda hundraðshluta, svo sem unnt er.

- X. Mörg vandamál eru látin standa óhreyfð hér, t. d. er ekki ólíklegt, að að því komi, að taka þurfi tillit til hjónabands og barna. En þetta eru einungis drög að reglum, samkvæmt frumvarpinu er sjóðsstjórnin ætlað að að semja þær.